

Viðskiptaskilmálar Laufanna ehf

Uppfært 1. nóvember 2025

Viðskiptaskilmálar þessir (hér eftir nefndir skilmálar) teljast samþykktir þegar viðskiptavinur hefur valið „Ég samþykki skilmála Laufanna ehf“ eða áþekkt, með notkun viðskiptavinar á hugbúnaðinum, tengdum þjónustum eða öðru gefnu samþykki. Skilmálar þessir gilda um notkun viðskiptavina Laufanna ehf, kt. 601221-2410, Akralind 6, 201 Kópavogi, („Laufið“, „við“, „okkur“) á hugbúnaði og á því umhverfi sem vísað er til sem „stjórnendakerfi Laufsins“ eða „stjórnendakerfi“ en einnig upplýsingaveitu og öðrum vörum Laufsins („þjónustan“). Stjórnendakerfið er ætlað fyrirtækjum og sjálfstæðum lögaðilum og telst samþykki veitt fyrir hönd þeirra. Stjórnendakerfið er ekki ætlað neytendum.

Til að viðskiptavinir geta nýtt sér stjórnendakerfi Laufsins þurfa þeir að gefa upp fyrirtækjanetfang tengiliðs, símanúmer tengiliðs og kennitölu viðskiptavinar.

Skilgreiningar

Fyrirtækjasíða á upplýsingaveitu	Upplýsingasíða hvers fyrirtækis/sjálfstæðs lögaðila á upplýsingaveitunni www.laufid.is
Gögn	Skrár og önnur stafræn gögn sem hlaðið er upp í stjórnendakerfi. Einnig gögn sem myndast við notkun á kerfinu.
Hugbúnaður	Stjórnendakerfi Laufsins, eða annar hugbúnaður sem er hluti af hugbúnaðarþjónustu Laufsins.
Neytandi	Almennur notandi upplýsingaveitu
Skráður notandi	Það starfsfólk, sjálfstæðir verktakar, eða aðrir sem viðskiptavinur hefur veitt heimild til notkunar á stjórnendakerfi Laufsins.
Upplýsingaveita	Vefsíðan www.laufid.is
Viðskiptaáskrift	Áskrift viðskiptavinar að kerfinu, hvort sem um ræðir frían prufutíma eða áskrift sem greitt er fyrir mánaðarlega. Eftir að prufutíma lýkur er sendur reikningur fyrir þeim pakka sem valinn var í prufutíma.
Viðskiptavinur	Fyrirtæki eða sjálfstæður lögaðili.
Þjónusta	Öll þjónusta sem Laufið veitir viðskiptavinum beint eða óbeint, t.d. með stjórnendakerfi, ráðgjöf, fræðslu og/eða vinnustofum. Einnig öll þjónusta sem snýr að fyrirtækjasíðum á upplýsingaveitu.
Þjónustuveitandi	Með orðunum „við“, „okkur“, „okkar“, „Laufið“ er átt við Laufin ehf.

Þjónustan

Notendur stjórnendakerfis greiða mánaðarlegt áskriftargjald sem veitir aðgang að stjórnendakerfi Laufsins og því sem því fylgir. Einnig veitir Laufið sjálfbærniráðgjöf og fræðslu til fyrirtækja, ásamt fleiru sem ekki er nefnt hér en skilmálarnir taka einnig til. Fyrir einstaka vörur er greitt sérgjald og ef viðskiptavinur er ekki í áskrift gilda ekki ákvæði þessara skilmála sem lúta að áskrift.

Persónuvernd

Vinnsla gagna fer fram í samræmi við sérstakan vinnslusamning milli aðila þar sem skilgreind eru hlutverk ábyrgðaraðila og vinnsluaðila

Við skráningu viðskiptavinar þarf að gefa upp ákveðnar persónuupplýsingar, nafn, símanúmer og netfang tengiliðs viðskiptavinar. Við hjá Laufinu störfum að öllu leyti í samræmi við íslensk lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Laufið hefur tilkynnt Persónuvernd um starfsemi sína í samræmi við ákveði laganna. Laufið leggur mikla áherslu á vernd persónuupplýsinga og mun ekki undir nokkrum kringumstæðum afhenda, selja eða leigja persónuupplýsingar til þriðja aðila. Gögn sem Laufið miðlar eru ekki persónugreinanleg. Hér má skoða persónuverndarstefnu Laufsins.

Gagnavarsla

Gögn viðskiptavinar í hugbúnaði er eign viðskiptavinar og hefur viðskiptavinur full umráð yfir eigin gögnum. Laufið áskilur sér þó rétt til að miðla þeim gögnum viðskiptavinar sem varðveitt eru á stjórnendakerfi áfram á upplýsingaveitu Laufsins eða/og á gagnagátt Laufsins. Laufið áskilur sér rétt til að eyða gögnum viðskiptavinar 90 dögum eftir að áskrift rennur út. Laufið áskilur sér rétt til að varðveita gögn viðskiptavinar eftir að áskrift rennur út/ er sagt upp og nota þau til samanburðar, greiningar að skýrslugerða án þess að upplýsingar megi rekja til viðskiptavinar. Gögnum sem er miðlað frá Laufinu eru ekki og munu ekki vera persónugreinanleg.

Áskrift

Áskriftargjald greiðist mánaðarlega og er gjalddagi reikninga síðasti dagur hvers mánaðar eftir að úttekt fór fram. Eindagi reikninga er minnst 10 dögum eftir gjalddaga. Sé reikningur greiddur eftir eindaga greiðir viðkomandi viðskiptavinur dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, auk þess að gjald vegna innheimtuviðvörðunar leggst á kröfu við útsendingu 2 dögum eftir eindaga skv. gjaldskrá Debitum. Þá er innheimt útskriftargjald af hverri kröfu samkvæmt verðskrá viðskiptabanka Laufsins.

Viðskiptavinur ber fulla ábyrgð á greiðslum vegna notkunar á þjónustu Laufsins.

Athugasemdir skulu gerðar við útgefna reikninga án tafar og eigi síðar en á eindaga, ella telst reikningur samþykktur. Athugasemdir vegna reikninga skulu sendast á reikningar@laufid.is

Greitt skal fyrir notkun á þeirri áskriftarleið Laufsins sem er valin samkvæmt verðskrá hverju sinni nema annað sé tekið fram. Öll fyrirtæki sem koma inn í Laufið fá líðandi mánuð frían sem prufutíma Eftir það hefst innheimta mánaðarlegs áskriftargjalds. Reikningur er sendur í gegnum bókhaldskerfi nema annað sé sérstaklega tekið fram. Sé áskrift ekki greidd 30 dögum eftir eindaga áskiljum við okkur rétt til að loka aðgangi viðskiptavinar þangað til greiðsla berst. Áskrift má segja upp hvenær sem er en uppsögn tekur í gildi mánuði síðar og þá fyrsta dag næsta mánaðar þar á eftir.

Skilmálar

Laufið áskilur sér rétt til að ákvarða einhliða þjónustu Laufsins og breyta skilmálum án fyrirvara. Eru notendur Laufsins hvattir til það kynna sér skilmálana eins og þeir eru á hverjum tíma.

Laufið áskilur sér rétt til að grípa til hvaða aðgerða sem teljast nauðsynlegar til að bregðast við brotum gegn skilmálum þessum, þ.m.t. tafarlausrar lokunar á aðgangi viðskiptavinar að stjórnendakerfi og með því að afvirkja tengingu fyrirtækjasíðu á upplýsingaveitu.

Verði Laufið uppvíst að misnotkun á stjórnendakerfi, brotum á skilmálum þessum eða að hegðun sem ekki þykir æskileg áskiljum við okkur rétt til að loka einhliða aðgangi viðskiptavina og afvirkja tengingu við upplýsingaveitu., þ.m.t. tafarlausrar lokunar á aðgangi viðskiptavinar að stjórnendakerfi.

Höfundarréttur

Laufið á höfundarréttinn af öllum þeim upplýsingum og gögnum sem fram koma á vef Laufsins, nema annað sé sérstaklega tekið fram eða leiða megi af eðli máls. Skriflegt samþykki Laufsins þarf til að endurbirta upplýsingar sem fram koma á vef Laufsins, dreifa þeim eða afrita þær, í heild eða hluta, hvort heldur sem er með skjámyndum, prentun eða á annan sambærilegan hátt. Ekki skiptir máli hvers eðlis umræddar upplýsingar eru né í

hvaða tilgangi ætlunin er að endurbirta þær, afrita eða dreifa. Í því felst m.a. að óheimilt er án skriflegs leyfi Laufsins að:

(a) Afrita, breyta, dreifa, leigja, lána, selja, markaðssetja, gefa út eða framleiða nokkurt efni sem byggir á efni Laufsins, þ.m.t. stjórnendakerfi, efni og gagnagrunni.

(b) Afkóða, eða á annan hátt reyna að komast að frumkóða gagnagrunns Laufsins, þ.m.t. stjórnendakerfi og gagnagrunni, að hluta eða í heild, til samnýtingar með öðrum vörum eða forritum.

(c) Nota upplýsingar Laufsins, þ.m.t. stjórnendakerfi, efni og gagnagrunn, til að útbúa aðra gagnagrunna.

Kort á upplýsingaveitu Laufsins eru í eigu Mapbox. Með notkun á upplýsingaveitu, www.laufid.is, samþykkir viðskiptavinur skilmála Mapbox, sem og hugverkarétt Mapbox. Innihald kortanna er byggt á nánar tilgreindum gagnasöfnum sem kunna að vera í eigu þriðja aðila.

Fyrirvarar

Laufið ber hvorki ábyrgð á tjóni sem rekja má beint eða óbeint til notkunar á stjórnendakerfi og upplýsingaveitu a né tjóni sem rekja má til þess að ekki var hægt að nota stjórnendakerfið eða upplýsingaveituna skemmri eða lengri tíma.

Þá ber Laufið ekki ábyrgð á tjóni sem orsakast beint eða óbeint vegna bilunar í tölvubúnaði og/eða hugbúnaði Laufsins eða notenda, eða af öðrum orsökum sem kunna að valda því að upplýsingar séu ekki réttar eða notandi nái ekki að tengjast þjónustu Laufsins hvort sem er í gegnum stjórnendakerfi eða upplýsingaveitu.

Laufið ábyrgist ekki að upplýsingar sem birtast á upplýsingaveitu Laufsins, séu réttar. Laufið ábyrgist ekki efni sem uppruni er hjá þriðju aðilum og birt er á vefnum. Laufið áskilur sér rétt til þess að breyta innihaldi síðunnar laufid.is og í appi, á hvaða hátt sem er og hvenær sem er, í hvaða tilgangi sem er, án fyrir fram tilkynningar og tekur ekki ábyrgð á neinum hugsanlegum afleiðingum slíkra breytinga. Laufið ber enga ábyrgð á óþægindum sem notendur þjónustunnar kunna að verða fyrir við notkun á vörum Laufsins.

Varnarþing

Rísi ágreiningur um stofnun eða túlkun þessa skilmála eða einhverra ákvæða hans skal allur ágreiningur lúta íslenskum lögum og málinu vísað til Héraðsdóms Reykjaness.

Hafðu samband

Ef þú hefur einhverjar spurningar eða vilt gera athugasemdir við viðskiptaskilmála þessa geturðu haft samband við okkur í gegnum netfangið laufid@laufid.is.